

1.12 Áfallaáætlun

Í skólanum starfar áfallaráð sem samræmir þær aðgerðir sem gripið er til ef stór áföll verða í skólastarfi eða einkalífi nemenda s.s. slys eða dauðsföll. Einnig geta nemendur og starfsmenn leitað til áfallaráðs ef á þarf að halda.

Hver er í áfallaráði? Þyrfti að vera mun sýnilegra og allir að vera meðvitaðir um það.

Skólaliðar hafa mjög góða yfirsýn yfir hvar allir nemendur eru, nauðsynlegt er að tveir séu í áfallaráði, annar/báðir hafa samband við skólastjórnanda hvar atvikið er og ákveða þá hvar eigi að safna öllum saman (íþróttahús/matsalur). Einn skólaliði og einn starfsmaður skólans þyrftu að vera í áfallaráði og vera meðvitaðir um það.

Skólaliðar stjórna hvar eigi að athuga með nemendur og annað starfsfólk skiptir sér í tvo hópa, annar hópurinn með nemendum á fyrirfram ákveðinn stað og hinn hópurinn sér um að aðstoða skólaliða.

Hvort heldur sem er á skólatíma eða utan hans og hvort sem við á nemanda og/eða starfsmann.

1) Dauðsfall eða alvarlegt slys nemanda eða starfsfólks

Í flestum tilfellum ef börn deyja er það af slysförum. Áfallið er þá skyndilegt og oft stuttur tími til að undirbúa viðbrögð.

Það sem skólinn þarf að gera:

- Fá staðfestingu á andláti hjá foreldrum, lögreglu eða sjúkrastofnun.
- Kalla til áfallaráð og umsjónarkennara viðkomandi nemanda, leita ráða hjá presti og hafa stuttan fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð skólans eins og:
 - hver á að tilkynna andlát nemanda/starfsmanns
 - hvernig og hvar á að tilkynna andlátið
 - semja bréf heim til nemenda og starfsfólks og tilkynna hvað gerst hefur
- **Ávallt skal bera aðgerðir skólans undir viðkomandi foreldra.**
- Kalla starfsfólk saman og tilkynna hvað gerst hefur og kynna fyrstu viðbrögð skólans.

Tilkynning andláts, annað hvort á sal eða inni í hverjum bekk fyrir sig. Það fer eftir aðstæðum hvor leiðin er farin. Oftast er þó best að umsjónarkennari eða sá sem þekkir börnin best tilkynni andlátið. Mikilvægt er að allir fái fregnina

samtímis. Sé tilkynnt um atburðinn á sal fara bekkjarkennarar með sína bekki beint inn í stofu á eftir og ræða atburðinn og líðan nemenda. Hlúð að nemendum í skólanum eins og hægt er e.t.v. með aðstoð hjúkrunarfræðings eða sálfræðings.

Þyrfti að safna öllum nemendum saman annaðhvort í íþróttasal eða matsal eftir því hvor staðurinn er fjær atburðinum.

- Flagga í hálfra stöng þegar búið er að tilkynna nemendum andlátíð.

Vinna í viðkomandi bekk sama dag

Æskilegt er að umsjónarkennari verði með sínum bekk það sem eftir er skóladags. Prestur skal hafður með í ráðum og ræðir hann við nemendur, e.t.v. stutt bænastund í skólanum, t.d. að kvöldi eða eins fljótt og unnt er fyrir nemendur, aðstandendur og starfsfólk. Foreldrum í viðkomandi bekk er tilkynnt um atburðinn áður en rætt er við fjölmiðla. Foreldrar eru beðnir um að sækja börn sín í lok skóladags. [Tölvupóstur sendur foreldrum um leið og nemendur yfirgefa skólann](#), þar sem sagt er frá því sem gerðist og hvernig skólinn hyggst taka á málum. **Mikilvægt** er að athuga hvaða nemendur og starfsfólk eru ekki í skólanum þennan dag svo hægt sé að [senda tölvupóst til þeirra á sama tíma og rætt er við nemendur/starfsfólk](#).

[Umsjónarkennari hefur með sér lestrarefni um sorg og sorgarviðbrögð barna/fullorðna og býður upp á afhendingu þegar bekkurinn er kominn í sína heimastofu.](#)

Fundur með áfallaráði í lok dags og eins oft og þörf krefur næstu daga til að fara yfir stöðu mála og gera áætlanir um áframhaldandi vinnu.

Skólastjóri/annar kennari og umsjónarkennari fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi nemanda með samúðarkveðju frá skólanum.

Úrvinnsla í viðkomandi bekk næstu daga

(Nemendur vinni með tilfinningar sínar ýmist í skapandi vinnu eða í leik. Gjarnan mætti útbúa veggteppi, stóra mynd eða þess háttar. Einnig mætti líka gróðursetja tré til minningar um hinn látna.) [Hægt væri að](#) Útbúa kveðju frá bekknum, minningargreinar, myndir og fleira sem við á. Borð viðkomandi nemanda er látið standa óhreyft í stofunni einhvern tíma í virðingarskyni við hinn látna. (Nemendur og kennarar geta tekið saman minningarbrott um hið látna skólasystkin og afhent foreldrum þess. Það geta verið ljóð, teikningar, ljósmyndir og/eða eitthvað annað.) Skólinn [standi](#) fyrir [minningarstund](#) (minningardegi/kvöldi og t.d. staðið fyrir peningasöfnun í minningu nemandans til styrktar málefni sem honum var hugleikið.) Heimsókn að gróf hins látna, fara með blóm eða kerti á slysstað. [Meta þarf hvert tilvik fyrir sig, athugið að háttbundinn hrynjandi skólastarfsins sefar ótta og kvíða.](#)

Jarðarförin

- Sjá um að kveðja komi frá skólanum **Skólastjóri/umsjónarkennari sér um það**
- Ákveða hver/hverjir eigi að skrifa minningargrein fyrir hönd skólans **Ætti að vera í hönd skólastjóra/umsjónarkennara**
- Flagga í hálfra stöng við skólann daginn sem jarðarför fer fram
- Skólastjóri og umsjónarkennari mæta fyrir hönd skóla, **metið hverju sinni.**
- **(Ákveða hvort vera eigi minningarathöfn í skólanum.) Minningarstund á að vera í skólanum sem fyrst, gott daginn eftir.**
- **(Ákveða hvort nemendur eigi að vera viðstaddir jarðarför hins látna og þá hvort þeir eigi að vera í fylgd foreldra.)Alfarið í höndum foreldra**
- **(Eiga uppkast af bréfi til að senda heim með nemendum.) Tilkynning jarðarfara, Eiga uppkast af tölvupósti til að senda heim.**
- **Safna saman í möppu lesefni um sorg og sorgarviðbrögð fyrir starfsfólk. Þyrfti að vera til, til að afhenda þegar á við í hverju tilviki fyrir sig.**
- **Eiga lista yfir bækur, sem gott er að lesa fyrir börn í sorg.**
- **(Eiga í möppu tilvalin orð, sem sá sem tilkynnir andlát (kennari, skólastjóri) getur stuðst við, þegar nemendum er sagt frá því að bekkjarfélagi þeirra hafi látist.) Hver umsjónarkennari þekkir sinn bekk best og misjafnt er hvernig best er að tilkynna. Gott er að eiga í möppu gátlista sem hægt er að styðjast við ef þarf.**
- **Mikilvægt er að styðja vel við umsjónarkennara nemandans, þannig að honum finnst hann ekki standa einn.**
-

2) Dauðsfall eða alvarlegt slys foreldra eða annarra náninna ættingja nemenda

- Fá staðfestingu á andláti
- **(Tilkynna atburðinn starfsfólki sem hefur með viðkomandi nemanda að gera) Tilkynna öllu starfsfólki um atburðinn (við erum lítið samfélag og við komum öll eitthvað að öðru)**
- Fundur með áfallaráði og umsjónarkennara þar sem viðbrögð skólans eru ákveðin
- Tilkynna viðkomandi bekk um andlátið

- Skólustjóri og umsjónarkennari fara með blóm eða samúðargjöf heim til viðkomandi nemanda, samúðarkveðjan er stíluð á nemandann sjálfan og **maka ef við á, semsagt eftirlifandi foreldri ef svo ber undir.**
- Ákveðið hvernig skuli tekið á móti nemanda þegar hann kemur aftur í skólann **algerlega einstaklingsbundið, er í höndum skólustjóra og umsjónarkennara.**
- **Ávallt skal gæta þess að hafa samráð við ættingja um aðgerðir skólans**

Vinna í bekk viðkomandi nemanda

Gera bekknum grein fyrir því sem gerst hefur. Bekkurinn sendi kveðju til viðkomandi nemanda. Yngri börn geta t.d. tjáð sig með teikningum, eldri nemendur geta skrifað kveðju, ljóð o.s.frv. Æskilegt er að kennari fari í heimsókn með kveðjurnar frá bekknum og afhendi barninu þær. Undirbúa bekkjarfélaga nemandans undir það hvernig bekkurinn tekur á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann, hvetja hina nemendurna til að sýna tillitsemi. Umsjónarkennari ræðir við nemandann áður en hann kemur í skólann aftur og hlusta eftir því hvernig honum líður og hverju hann kvíðir. Sumir vilja koma eins og ekkert hafi í skorist, en aðrir vilja gjarnan að kennarinn segi nokkur orð og enn aðrir vilja e.t.v. segja sjálfir frá reynslu sinni. Hlúa þarf vel að nemandanum á eftir. Þar er umsjónarkennarinn í lykilhlutverki þar sem hann þekkir nemandann best. Oft getur verið gott að fá samt utanaðkomandi aðstoð við nemandann. Spyrjið um líðan nemandans og fjölskyldunnar, ekki eingöngu fyrstu dagana eða vikunnar heldur næstu mánuði á eftir. Ekki er óalgengt að hegðun og námserfiðleikar barna stafi af sorg sem þau hafa orðið fyrir, jafnvel þótt langur tími sé liðinn. **Meta þarf hvert tilvik fyrir sig hvað sé gert. (Ágætt er fyrir kennara að hafa í huga að oft geti verið gott að ráðleggja börnum að heimsækja hjúkrunarfræðing skólans.)Gott væri ef hjúkrunarfræðingur kæmi inn í bekkinn og léti vita af sér.**

Okkur finnst nemandi og starfsmaður vera í sama flokk og erum við búnar að setja allt um það hér ofar. Okkur finnst ekki nauðsynlegt að hafa þetta tvítekið.

3) Dauðsfall eða alvarlegt slyss starfsmanns

- Fá staðfestingu á andláti
- Kalla til áfallaráð og ákveða fyrstu viðbrögð skólans, í samráði við ættingja starfsmannsins
- Tilkynna starfsfólki atburðinn og hvernig skólinn hyggst taka á málum
- Tilkynna nemendum atburðinn á sal eða inni í bekkjum

Ef umsjónarkennari hefur látist er gott að einhver sem þekkir nemendurna vel sé með þeim a.m.k. fyrsta daginn. Leyfa þarf nemendum að tjá sig um atburðinn bæði með því að tala og einnig í skapandi vinnu. Bekkurinn skrifi e.t.v. minningargrein um kennarann.

- Draga fána í hálfu stöng, bæði daginn sem andlátíð á sér stað og jarðarfarardaginn
- Fá prest til að hafa bænastund í skólanum
- Skrifa minningargrein fyrir hönd skólans
- Heimsækja aðstandendur með kveðju frá skólanum

4) Langvarandi veikindi

Þegar alvarleg veikindi koma upp á heimili nemenda/starfsmanna verður nemandi oft fyrir áfalli sem brýst út í allskyns viðbrögðum t.d. óöryggi, hræðslu eða reiði. Mikilvægt er því að einhver fullorðinn tali um vandann við börn sjúklinga og sé reiðubúinn að svara spurningum sem hugsanlega vakna. Það eykur skilning barnanna á aðstæðum og hlífir þeim við óþarfa kvíða og vanlíðan. Starfsfólk þarf að vera á varðbergi gagnvart breytingum á hegðun barns og ræða þá við foreldra.

Ef viðkomandi er foreldri nemanda skólans þarf umsjónarkennari að fá upplýsingar um sjúkdóm foreldris og hvenær það er á sjúkrahúsi o.s.frv. Kennari þarf að geta svarað spurningum nemenda um viðkomandi sjúkdóm. Kennari þarf að ráðgast við foreldra um hvernig skuli tala við barnið og hve mikið skuli segja því. Einnig hvort tala skuli um ástandið við vini barnsins eða bekkjarfélaga. Stálpuð börn eiga að fá að vera með í ráðum hvort og hvernig bekkjarsystkinum er sagt frá.

Oft gefur góða raun að kennarinn komi í heimsókn og ræði þessi mál við fjölskylduna. Sama gildir um alvarleg veikindi systkina nemenda.

Nokkur atriði sem gott er að vita

- Eiga uppkast af bréfi til að senda heim með nemendum. Til eru ýmsar handbækur sem gott er að grípa til
- Mikilvægt er að styðja vel við umsjónarkennara nemandans þannig að honum finnist hann ekki standa einn
- Sýna barni í sorg umburðarlyndi
- Viðurkenna breytta hegðun barnsins og vita að breytingin getur varað í langan tíma

- Skilja að barn afneitar oft tilfinningum eins og sársauka með því að bæla þær niður og oft líður langur tími áður en barn fær útrás fyrir tilfinningar sínar
- Vita að eitt af einkennum sorgarinnar eru einbeitingarörðugleikar
- Styðja barnið innan hópsins eins og frekast er unnt. Varast samt að ofvernda barnið þannig að það einangrist ekki frá félögum sínum
- Aðstoða barnið og vini þess við að vinna úr tilfinningum sínum t.d. með sameiginlegu verkefni bekkjarins

Ágætt er fyrir kennara að hafa í huga að oft geti verið gott að ráðleggja börnunum að heimsækja hjúkrunarfræðing skólans

Höfum hugfast að oft ímynda börn sér að þau eigi einhverja sök á veikindum foreldra sinna. Þau eiga ekki alltaf auðvelt með að skilja á milli raunveruleika og ímyndunar og halda stundum að verið sé að refsa þeim fyrir eitthvað sem þau hafa áður sagt eða hugsað. Sektarkenndin verður þá oft skynseminni sterkari og getur orðið mjög þungbær. Mikilvægt er að börn fái tækifæri til að virkja sköpunarhæfileika sína á meðan foreldrarnir eru veikir. Teikningar þeirra geta t.d. verið góður umræðu-grundvöllur.

Gott samstarf við heimilin er nauðsynlegt og getur verið ómetanlegur stuðningur við barnið.

Hér inn vantar viðbragðsáætlun ef dauðsfall eða alvarlegt slys verður í og á skólatíma og nauðsynlegt að hafa það hér neðst í skjalinu